

Alþingi
Erindi nr. P/40/2241
komudagur 8.5.2012

Ferðapjónusta á Reykjanesi og rammaáætlun

gudrun.ha@internet.is [gudrun.ha@internet.is]

Sent: 8. maí 2012 14:34

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Virðulega atvinnunefnd Alþingis.

Ég undirrituð, Guðrún Hallgrímsdóttir, 051141-3779 hef afar margar athugasemdir við rammaáætlun eins og hún lítur nú út. Ég ætla samt aðeins að gera athugasemdir við eitt svæði landsins í þessu bréfi til ykkar það er að segja Reykjanesið.

Suður í Atlantshafi er lítil eldfjallaeyja sem heitir Madeira. Íbúar hafa að mestu lifað í ferðapjónustu frá því að eyjan byggðist á 15. öld. Eftir inngöngu Portugal í Evrópubandalagið lagðist mestur hluti landbúnaðar af þar sem hann var ekki samkeppnisfær í verði. Þá lögðu eyjarbúar enn frekari áherslu á ferðapjónustuna og þróðu nýja vöru. Gönguleiðir voru skipulagðar eftir gömlum veituvegum og stikaðar. Gönguferðunum er nákvæmlega lýst, þær eru tímamældar, erfiðleikastig mælt og getur hver og einn fundið eitthvað við sitt hæfi. Í kringum þessar gönguferðir hefur arðbær iðnaður risið, fjöldi leiðsögumanna hefur lifibrauð sitt eingöngu af þessum ferðum, fyrirtæki hafa risið sem útbúa nesti af öllum gerðum og hefur það ýtt undir landbúnaðarframleiðslu beint frá býli, skjólfatagerð blómstrar þar sem fólk getur leigt víðeigandi klæðnað og svo mætti lengi telja.

Í mínum huga eru möguleikar Íslendinga með einstakan eldfjallapjóðgarð við túnfótinn ótæmandi. Sjáið fyrir ykkur kynningarbæklinga þar sem fólki býðst 3 tíma ganga um Stampana, 2ja tíma ganga um Eldvörpin, 3ja tíma ganga eftir Ketilsstíg, 6 tíma ganga um Brennisteinsfjöll, svo eitthvað sé nefnt. Akstur til og frá innifalinn, 15 - 50 mín hvor ferð. Fjölbreytt nestisúrval þar sem íslensk matarhefð stæði til boða, lífrænn matarpakki, nesti beint frá býli eða hvaðeina sem hugurinn gírnist. Hlífðarfatnaður væri í boði til leigu eða kaups frá t.d. 66°Norður.

Vilja menn fórna þessu fyrir orkuvinnslusvæði hugsanlega án nokkurrar orku samanber svæðið við Trölladyngju?

Vilja menn fórna þessu og láta allan þunga af vexti í ferðapjónustu, þar sem stærstur hluti ferðamanna fýsir að njóta ósnortinnar náttúru, falla óbyggðir hálendisins.

Því trúi ég ekki.

Kærar kveðjur og góðar óskir.

Guðrún Hallgrímsdóttir